

Nd.

50. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi.

Flutningsmenn: Þorsteinn M. Jónsson, Jón Jónsson, Sveinn Ólafsson
og Björn R. Stefánsson.

Á eftir 9. lið 2. gr. komi:

10. Frá Fagradalsbraut í Egilstaðaskógi að Eyvindarárbrú um Eiðapinghá að Krosshöfða í Hjaltastaðarþinghá.

Ástæður.

Búið er að leggja veg um $\frac{1}{3}$ hluta af leiðinni, sem þyrfti þó nokkurra endurbóta við til þess að verða sæmileg flutningabraut. Eiðaskóli er á miðri þessari leið, sveitirnar allfjölbygðar og aðflutningar örðugir. Og þó að ekki sje verslun nú á Krosshöfðanum, efu þar vörugeymsluhús og vörur settar þar upp bæði frá Seyðisfirði og Borgarfirði handa Úthjeraðsmönnum. Væri þá hægt að aka á vögnum bæði af Krosshöfða og Reyðarfirði. Vonandi að hafskipahöfn verði gerð við Krosshöfðann. Rís þá upp verslun þar, sem Hjeraðsmenn hafa lengi þráð. Mjög mundi brautin draga úr flutningskostnaði Eiðaskóla og allra þeirra manna, sem á svæðinu búa, svo og margra annara Hjeraðsmanna.